

Gos í Eyjafjallajökli - staða 1. júní 2010 kl. 15:00.

Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: Gunnari B. Guðmundssyni, Helgu Ívarsdóttur, Sibylle von Löwis og Sigrún Hreinsdóttir

Byggt á: Jarðskjálftamælum, vatnsrennsli í Markarfljóti, GPS mælum, vefmyndavélum, tilkynningum á vefnum um öskufall, eldingamæligögnum bresku veðurstofunnar.

Gosmökkur:

Hæð: Ský og öskumistur hafa hulið topp fjallsins að mestu í gær og í dag. Í morgun um klukkan 8 sáust hvít gufuský í um 2 km hæð á vefmyndavél Mílu við Þórólfsfell. Austanátt um 10 m/s í gær og í dag.

Stefna:

Litur:

Gjóskufall: Mikið öskuryk um sunnanvert landið. Mikil svifryksmengun vegna öskunnar mældist í Reykjavík eftir hádegi í gær og einnig um miðnættið.

Eldingar: Engar eldingar hafa mælst á eldingamælum bresku veðurstofunnar.

Drunur: Engar tilkynningar.

Bræðsluvatn: Lítið vatnsrennsli er frá Gígjökli.

Aðstæður á gosstað:

Órói: Óróinn hefur verið mjög svipaður síðustu daga en ennþá má sjá smátoppa á lægstu tíðnunum.

Jarðskjálftar: Fáeinir smáskjálftar mælast daglega á grunnu dýpi undir jöklinum.

GPS-aflögun: Litlar merkjanlegar færslur á GPS stöðvum við Eyjafjallajökul.

Heildarmat: Lítil virkni, en hvít vatnsgufa steig frá eldstöðinni í morgun upp í 2 km hæð, en ský og mistur hafa hulið topp fjallsins að mestu í gær og í dag. Mikið öskufjúk á sunnanverðu landinu í gær. Haldið verður áfram að fylgjast vel með eldstöðinni.